

Samtök tónlistarskóla í Reykjavík - Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

Fylgiskjal sent til skýringar í kjölfar fundar með allsherjar- og menntamálanefnd 19.05.2015

Málalýkill:

Málsnr.:

1506040

0342

791.mál

- **Tillaga að samkomulagi milli ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík (STÍR), með fyrirvara um samþykki borgarráðs og alþingis eftir því sem við á.**
 - Drög að samkomulaginu fylgja hér að neðan, ath. að það er svartlitaði textinn sem um ræðir.
- **Samtök tónlistarskóla í Reykjavík lögðu fram óskir um breytingar á tillögu að drögum að samkomulagi framangreindra aðila, sem unnið er að samhliða lagafrumvarpi um eflingu tónlistarnáms sem nú er til umræðu.**
 - Breytingatillögur tónlistarskólanna eru rauðlitaðar í skjalinu / sendar 13.05.2015.
 - Reykjavíkurborg hafnaði öllum tillögum STÍR að breytingum án umræðu / sent 13.05.2015.

Samkomulag

Samkomulag milli ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtök tónlistarskóla STÍR— með fyrirvara um samþykki borgarráðs og alþingis eftir því sem við á. Fáist ekki samþykki fyrir einhverjum af þeim framlögum sem hér eru tilgreind falla niður þau framlög sem á eftir þeim koma og verði þá tafarlaust teknar upp viðræður allra aðila.

1. Tónlistarskólar falla frá málshöfðun og kröfum gagnvart Reykjavíkurborg á meðan aðilar freista þess að leysa málin með samkomulagi. **Hafi aðilar ekki náð niðurstöðu/samkomulagi um skiptingu fjárframlaga sem tilgreind eru í þessu samkomulagi fyrir 1. ágúst 2015 eru tónlistarskólar óbundnir af þessum lið.**
2. Reykjavíkurborg leggur tónlistarskólum í Reykjavík til **30 mkr** aukaframlag á vorönn 2015 vegna reykvískra nemenda á miðstigi í söngnámi og framhaldsstigi í söng og hljóðfærleik. Þetta aukaframlag er háð samþykki borgarstjórnar. **Útfærsla og forsendur sem lagðar verði til grundvallar við skiptingu fjármagnsins verði mótaðar í samstarfi við STÍR.**
3. Ríki leggur tónlistarskólum til **30 mkr** í aukaframlag á vorönn 2015 til að mæta kostnaði vegna nemenda í námi eftir framhaldsstig („4. stig“). **Útfærsla og forsendur sem lagðar verði til grundvallar við skiptingu fjármagnsins verði mótaðar í samstarfi við STÍR.**
4. Jöfnunarsjóður breytir reglum sínum með gildistöku frá og með haustönn 2015 með það fyrir augum að færa fyrirkomulag fjárframlaga vegna nemenda á miðstigi í söngnámi og framhaldsstigi í söng og hljóðfærleik að því sem tíðkast hjá framhaldsskólum ríkisins, miði framlög við fjárveitingar fyrra árs og haldi þeim óbreyttum þótt nemendum fækki og kennslumagn lækki um allt að 10%.
5. Gerð verði rekstrarúttekt á tónlistarskólum í Reykjavík af óháðum fagaðila til að meta rekstrarhæfi þeirra. Vinna við þetta hefjist þegar í vor (júni). Tónlistarskólar sem ekki standast kröfur um rekstrarhæfi geta ekki vænst frekari fjárstuðnings miðað við óbreytt rekstrarfyrirkomulag. Reykjavíkurborg mun bjóða fram fjármála- og rekstrarráðgjöf ef þess er óskað. **Við mat á rekstrarhæfi tónlistarskóla verði undanskilinn rekstrarvandi sem rekja má til samkomulags ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms (maí 2011).**
6. Reykjavíkurborg leggi tónlistarskólum í Reykjavík til ~~allt að~~ **30 mkr** aukaframlag á haustönn 2015 að frádreginni fyrirframreiðslu sem tónlistarskólarnir hafa þegar fengið á árinu vegna reykvískra nemenda á miðstigi í söngnámi og framhaldsstigi í söng og hljóðfærleik. Þetta aukaframlag er háð samþykki borgarstjórnar. **Útfærsla og forsendur sem lagðar verði til grundvallar við skiptingu fjármagnsins verði mótaðar í samstarfi við STÍR.**

7. Reykjavíkurborg leggi tónlistarskólum í Reykjavík til ~~allt að~~ **30 mkr** aukaframlag á haustönn 2015 vegna reykvískra nemenda á miðstigi í söngnámi og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik. Þetta aukaframlag er háð samþykki borgarstjórnar. (viðbót frá fyrri tillögum og fjármagnað í tengslum við uppgjör grunnnámssamninga). **Útfærsla og forsendur sem lagðar verði til grundvallar við skiptingu fjármagnsins verði mótaðar í samstarfi við STÍR.**
8. Ríki/JS leggur fram **30 mkr** aukaframlag á haustönn 2015 vegna nemenda á miðstigi í söngnámi og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik sem skiptist eftir kennslumagni. Þetta aukaframlag er háð samþykki á aukafjárlögum. **Útfærsla og forsendur sem lagðar verði til grundvallar við skiptingu fjármagnsins verði mótaðar í samstarfi við STÍR.**
9. Ríki/JS leggi tónlistarskólum til **30 mkr** í aukaframlag á haustönn 2015 til að mæta kostnaði vegna nemenda í námi eftir framhaldsstig („4. stig“). Þetta aukaframlag er háð samþykki á aukafjárlögum. **Útfærsla og forsendur sem lagðar verði til grundvallar við skiptingu fjármagnsins verði mótaðar í samstarfi við STÍR.**
10. Ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga setji niður með Samtökum tónlistarskóla í Reykjavík samstarfs- og viðræðuáætlun um framtíðarskipan tónlistarkennslu í borginni sem skili tillögum fyrir 1. febrúar 2016.
11. Ríki og Reykjavíkurborg eru tilbúin að skoða að áður nefndar breytingar á framlögum til tónlistarskóla í liðum 2 og 3 taki til alls skólaársins 2015-2016. Gera verður fyrirvara á þessum lið gagnvart fjárlögum og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna 2016.
12. Samkomulag þetta gildir til eins árs, þ.e. 1. júní 2015 til 1. júní 2016 **að því gefnu að fjárframlög skv. lið 11 gangi eftir. Að öðrum kosti lýkur gildistíma samkomulagsins 1. janúar 2016.**
13. Ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga taki til skoðunar fyrir 1. september 2015 hvernig kostnaði vegna kjarasamninga sem gerðir verða á gildistíma samkomulagsins verði skipt á milli aðila.

Verði af málshöfðun á hendur Reykjavíkurborg af hendi tónlistarskólanna eftir gildistíma samkomulags þessa vegna fjárframlaga Reykjavíkurborgar til tónlistarskólana, þá munu öll aukaframlög, lán eða aðrar fyrirgreiðslur vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar á gildistíma samkomulagsins frá upphafi til lokadags koma til frádráttar þeim kröfum og vera hluti af allsherjaruppgjöri.

Reykjavík 12.mái 2015